

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um biðlista eftir afplánun í fangelsi og fangelsisrými.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

- Hversu margir karlar eru á biðlista eftir afplánun í fangelsi?
- Hversu margar konur eru á biðlista eftir afplánun í fangelsi?
- Hver er meðalbiðtími þeirra karla og kvenna sem bíða nú eftir afplánun?
- Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til að stytta langa biðlista eftir afplánun í fangelsum landsins?
- Hver er viðbúin nýting heildarfjölda fangelsisrýma á árinu?
- Hverjir eru burðir fangelsa til að mæta því þegar umfangsmiklar sakamálarannsóknir valda því að margir sæta gæsluvarðhaldi á sama tíma? Hafa slíkar rannsóknir áhrif á boðun annarra í afplánun?
- Hefur Fangelsismálastofnun þurft að hætta að boða fanga til afplánunar vegna aðstöðuleysis eða fjárhagsstöðu? Ef svo er, telur ráðherra þá stöðu ásættanlega?

Skriflegt svar óskast.